



## Ársskýrsla 2014 – 2015

**Stjórnandi**    **Martin Markvoll**

### Litla Lúðró

Flauta	Andrea Rós Sigbjörnsdóttir (flutti til Noregs í apríl) Heiðrún Edda Pálsdóttir Helena María Ægisdóttir Jóhanna María Ægisdóttir Kristrún S. Þorgrímsdóttir
Klarinett	Helga María Elvarsdóttir
Altsaxófónn	Veronika Ósk Þrastardóttir
Kornett	Amelía Dís Einarsdóttir (byrjaði á píanó, en færði sig síðan yfir á kornett) Oliwia Aleksandra Lukasik Valdís María Eggertsdóttir
Trompet	Hallfreður Lárus Helgason
Píanó	Amelía Dís Einarsdóttir (byrjaði á píanó, en færði sig síðan yfir á kornett)
Gítar	Magnús Máni Egilsson
Rafbassi	Ingimar Þrastarson
Slagverk	Ari Bergmann Ægisson Gunnar Jökull Sigurðarson Jónas Már Kjartansson Selma Emilsdóttir (byrjaði í október) Sævar Þór Sigbjörnsson (flutti til Noregs í apríl)
Klukkuspil	Vaka Þorsteinsdóttir (hætti síðan í október)

### Þeir sem hætta í Litlu Lúðró sumarið 2014:

Alexía Ómarsdóttir (flutt), Þorvaldur Máni Ómarsson (fluttur), Sara Jónína Jónsdóttir, Silja Rós Ingadóttir, Símon Andri Sævarsson

## Stóra Lúðró

Altflauta	Jóhanna K.G. Hjaltalín
Þverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir Margrét Lilja Einarisdóttir (var á klarinett í fyrra) Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Sigrún Birta Sturludóttir (hætti í nóvember) Thelma Ólafsdóttir
Bassaklarinett	Anette Markvoll, kennari
Altsax	Ísól Lilja Róbertsdóttir Sigurður Guðmundsson
Tenorsax	Anna Soffía Lárusdóttir
Kornett	Dagný Inga Magnúsdóttir
Trompet	Haukur Páll Kristinsson Valdimar Hannes Lárusson
Horn	Sara Rós H. Róbertsdóttir
Básúna	Rúna Birna Jóhannesdóttir Salvör Mist Sigurðardóttir
Barítónhorn	Ingimar Þrastarson
Túba	Anna S. Melsteð
Píanó	Vaka Þorsteinsdóttir
Gítar	Ísak Örn Baldursson
Rafbassi	Hólmgeir Þorsteinsson, kennari
Slagverk	Einar Bergmann Daðason Haraldur Björgvin Helgason Jóel Bjarki Sigurðarson Jón Grétar Benjamínsson Oliver Darri Þrastarson Hafþór S. Guðmundsson, kennari
Klukkuspil	Birta Sigþórsdóttir

### Þeir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2014:

Eydis Bára Ómarsdóttir, Halldóra Kristín Lárusdóttir, Rebekka Rán Karlsdóttir, Þórhildur Hólmgeirsdóttir

## Víkingasveitin

Anette Markvoll, tréblásturskennari, stjórnaði Víkingasveitinni veturinn 2014-15.

Í sveitinni voru eingöngu tréblásturshljóðfæri, því aðeins einn málmblástursnemandi var nógu gamall til að vera með. Á þessu ári voru engir blástursnemendur hjá okkur í fjölbrautaskólanum, en *Stórsveit Snæfellsness*, skólahljómsveit FSn var heldur ekki starfandi.

Altflauta	Jóhanna K.G. Hjaltalín
Þverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir Margrét Lilja Einarsdóttir Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Thelma Ólafsdóttir
Bassaklarinett	Anette Markvoll, kennari
Altsax	Ísól Lilja Róbertsdóttir Sigurður Guðmundsson
Tenorsax	Anna Soffía Lárusdóttir

## Ný hljóðfæri

Yamaha pikkólóflauta var keypt ný frá Joars Korpsservice í Noregi sumarið 2014 á kr. 160.000.

## Foreldrafélag

Aðalheiður St. Sigurðardóttir, Helga Björg Marteinsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, María Valdimarsdóttir og Þröstur Gunnlaugsson héldu öll áfram í stjórn veturinn 2014-15, en Helga Björg Marteinsdóttir hætti eftir nokkrar vikur þegar sonur hennar, Hafsteinn Helgi, ákvað að hætta í tónlistarskóla og lúðrasveit.

Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári, haldið utan um æfingabúðir og búningamál. Félagið tók að sér að selja veitingar á Tón-Vest hátíðinni í febrúar.

Byrjað er að undirbúa ferð til útlanda næsta sumar, kanna staði, verð og fleira.

## Starfsárið 2014-15

- 8. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró  
**11. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró  
**16. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Víkingasveitinni

### 17. október – 50 ára afmælishátíð tónlistarskólans

Föstudaginn 17. október var opið hús í tónlistarskólanum. Tónlistaratriði nemenda og kennara og kaffiveitingar. Bíósýning um kvöldið. Víkingasveitin spilaði tvö lög, *Do Re Mi* og *Anthem*. Málmblásarasveitin spilaði *Afmælissönginn* og *My Heart Will Go On*.

### 31. október – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Féllu niður vegna verkfalls kennara.

### 1. nóvember – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Féllu niður vegna verkfalls kennara.

### 20. nóvember – Hausttónleikar lúðrasveitarinnar 2014

Féllu niður vegna verkfalls kennara.

### 21. nóvember – Skólatónleikar lúðrasveitarinnar 2014

Féllu niður vegna verkfalls kennara.

### 12. desember – Félagar úr lúðrasveitinni í leikskólanum

Litla Lúðró spilaði ekki í þetta sinn, en félagar úr LL og LS fóru í heimsókn og spiluðu jólalög. Þeir sem fóru: Oliwia Aleksandra, Helga María, Heiðrún Edda, Veronika Ósk, Birta, Salvör Mist, ásamt kennurunum Anette og Martin.

### 18. desember – Hátíðartónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju

Kl. 18:00 voru jólatónleikar tónlistarskólans haldnir í kirkjunni. Litla Lúðró spilaði *Jólaklukkan*, Stóra Lúðró spilaði *Snjó Korn falla* og *Dansaðu vindur*. Anna Margrét Ólafsdóttir var einsöngvari í *Dansaðu vindur*. Víkingasveitin spilaði *Nóttin var sú ágæt ein*, *Bráðum koma blessuð jólin*, *Jólin alls staðar* og *Vi tenner våre lykter*.

Lúðrasveitin spilaði ekki við tendrun jólatrésins þetta ár. Beiðni um að spila kom með of stuttum fyrirvara, stuttu eftir verkfall, auk þess sem við óskum þess helst að hafa þennan viðburð fyrsta sunnudag í aðventu.

**8. janúar – Fyrsta æfing hjá Stóru Lúðró eftir áramót**

**12. janúar – Fyrsta æfing hjá Litlu Lúðró eftir áramót**

**23. - 25. janúar – Landsmót C/D-sveita í Reykjanesbæ**

Þau sem fóru: Anna Soffía, Björg Brimrún, Guðrún Bergmann, Ísól Lilja, Jóhanna Kristín, Thelma, Theodóra og Haukur Páll. María Valdimarsdóttir og Martin voru farastjórar. Gist var í Njarðvíkurskóla. Að þessu sinni var landsmótið með nýju sniði. Boðið var upp á námskeið af ýmsu tagi: Samspil fyrir „hljóðfærakóra“, hljóðfæraviðgerðir, sambatrommur, nútímatónlist, nótnaskriftarforrit og ýmislegt fleira.

**28. febrúar – TónVest í Stykkishólmi**

Foreldrafélagið sá um að elda súpu, hella upp á kaffi og skaffa kaffibrauð. Kostaði kr. 2.000 fyrir manninn.

**6. mars – Fundur vegna Hljómskálans**

Á þessum fundi var gengið formlega frá samkomulagi um skráningu eignarhalds Hljómskálans yfir á Stykkishólmsbæ. Á sínum tíma reistu félagar Lúðrasveitar Stykkishólms húsið og ráku það þar til tónlistarskólinn tók við. Þegar bærinn tók yfir rekstur tónlistarskólans tók hann einnig öllum eignum hans, en alltaf átti eftir að ganga formlega frá eignarhaldi hússins.

Fundinn sátu: Hafdis Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Þór Örn Jónsson bæjarritari, Pétur Kristinsson lögmaður bæjarins; nokkrir stofnfélagar lúðrasveitarinnar: Bjarni Lárentsínusson, Björgvin Þorvarðarson, Hannes Gunnarsson og Eyþór Lárentsínusson; Helga Sveinsdóttir formaður skólaneftdar tónlistarskólans, Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri og Martin Markvoll núverandi stjórnandi lúðrasveitarinnar.

**7. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró**

Æft var fyrir vortónleika. Í þetta sinn æfðum við bara á laugardegi. Anette Markvoll, Hafþór S. Guðmundsson, Hólmgeir S. Þorsteinsson og Martin voru kennarar. Að lokum voru tónleikar þar sem spilað var yfir löggin sem æfð voru. Síðan var haldinn fundur þar sem rætt var hvort við viljum stefna á að fara í ferð til útlanda vorið 2016. Foreldrar voru jákvæðir og ákveðið var að byrja undirbúning og sjá til hvort okkur tekst að safna nóg í ferðasjóð.

**13. mars – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró**

Æft var á föstudegi eftir skóla. Anette Markvoll, Hafþór S. Guðmundsson og Martin voru kennarar. Að lokum voru tónleikar þar sem spilað var yfir löggin sem voru æfð.

## **10. apríl – Aðalfundur SÍSL í Reykjavík**

Martin mætti á fundinn. Á fundinum var aðallega rætt um landsmótið sem var nýafstaðið, C/D-sveitamót í Reykjanesbæ 23. - 25. janúar og kosin ný stjórn.

## **23. apríl – Vortónleikar**

Tónleikarnir voru haldnir í Stykkishólmskirkju sumardaginn fyrsta kl. 18:00. Litla Lúðró, Stóra Lúðró og Víkingasveitin spiluðu. Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir.

### **LITLA LÚÐRÓ**

*Lúðrasveitin mín (Stamp), Bananabátslagið, Trúðadans, ABCD og Sultublús.*

### **VÍKINGASVEITIN**

*Auld Lang Syne, Do Re Mi, Noen sover inne og Hoppípolla.*

### **STÓRA LÚÐRÓ**

*Raiders March, Highlights from Harry Potter, Baby Elephant Walk, Stál og hnífur, Kvöldsigling, Nammi (Candy) og Music from Pirates of the Caribbean*

## **1. maí – Hátið Verkalýsðfélags Snæfellsness á Hótel Stykkishólmi**

Stóra Lúðró var fengin til að spila við hátiðarhöldin.

Við spiluðum *Öxar við ána, Maístjarnan, Madiba Jive og Stál og hnífur.*

## **5. júní – Þvottadagur**

Allir málmblásarar og trommuleikarar voru boðaðir, en því miður komu ekki allir. Hljóðfærin voru böðuð og þússuð. Á meðan þau voru í baði fórum við í göngutúr upp á Súgandísey og enduðum í Hólmgarði þar sem við fengum okkur ís í sól og blíðu.

## **5. - 7. júní – Sjómannadagur og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í heimsókn**

Helgina 5. - 7. júní kom Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í heimsókn. Krakkanir gistu í grunnskólanum, en á laugardeginum hittumst við í tónlistarskólanum kl. 11:00 til að æfa saman. Á skemmtidagskrá sjómannadagsins, sem haldinn var á laugardegi, var farið í skruðgöngu niður að höfn kl. 13:00. Áður en lagt var af stað spilaði sveitin nokkur lög fyrir utan dvalarheimilið. Á meðan voru Mosfellingar búnir að koma sér fyrir hjá Sjávarpakkhúsinu og þar spiluðu sveitirnar til skiptis. Við enduðum á að spila *Hafið, bláa hafið* og *Öxar við ána* saman.

Á laugardagskvöldið tóku nokkrir foreldrar sig saman um að bjóða Mosfellingunum í mat. Var hópnum skipt niður á 4 heimili. Eftir kvöldmat var fótboltaleikur í norðan vindi og bío á eftir.

### **17. júní – Þjóðhátíðardagur**

Á þjóðhátíðardaginn var spilað í skrúðgöngu. Byrjað var fyrir utan dvalarheimilið og þaðan var gengið niður Skólástíg, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð þar sem hátíðin var haldin.

Lúðrasveitin spilaði nokkur lög í garðinum, en Kór Stykkishólmskirkju sá um að syngja þjóðsönginn að þessu sinni. Lögin sem við spiluðum voru: *Það er kominn 17. júní*, *Öxar við ána*, *Another One Bites the Dust* og *Sousa Medley March*.

### **Auk þess hefur...**

- Litla Lúðró æft frá 14:14 - 15:00 á hverjum mánudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Martin Markvoll

Stykkishólmi, 17. júní 2015